

Skipulagsstofnun
Ómar Inghórssson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík 19. október 2016
UST201610-147/B.S.
10.05.01

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Malartaka - Ófeigsstaðir

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 14. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Um er að ræða áframhaldandi efnistöku úr áreyrum Skjálfandafljóts norðan brúar í Köldukinn í landi Ófeigsstaða og Rangár.

Efnistakan hefur síðast farið fram í gróðurlausri eða lítt gróinni áreyri vestan Skjálfandafljóts. Dýpi námunnar verður á bilinu 1-1,5 m. Í leyfi Fiskistofu til efnistöku á umræddu svæði dags. 2. september 2015 er sett fram skilyrði um að efnistakan fari ekki fram í núverandi farvegi árinna til verndar lífríki hennar.

Fram kemur í greinargerð að helstu umhverfisáhrif efnistökkunnar verða sjónræn áhrif vegna umferðar vinnuvéla um svæðið og jarðrasks sem fylgir efnistökkunni. Að efnistöku lokinni mun Skjálfandafljót jafna efnistökusvæðið.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

